

Fréttatilkynning


Efni: Könnun MMR á trausti almennings til helstu sjónvarps-, prent- og netfréttamiðla.
Úrtak: Íslendingar á aldrinum 18-67 ára
Dagsetning: 6. janúar 2009

Fréttastofa Sjónvarpsins (RÚV) nýtur mests trausts meðal almennings. Minna en helmingur segist bera mikið traust til Fréttablaðsins.

Tæp 82% aðspurðra segjast bera mikið traust til Fréttastofu RÚV. Þetta er nokkur aukning frá könnun sama efnis í byrjun desember (5. des. 2008), þegar tæp 77% sögðust bera mikið traust til fréttastofunnar. Fréttastofa RÚV er þar með sá fjölmiðill sem nýtur áberandi mests trausts meðal svarenda í könnuninni. Morgunblaðið er enn sem fyrr það dagblað sem nýtur mests traust meðal svarenda, en 64% þeirra segjast nú bera mikið traust til blaðsins sem er einu prósentustigi hærra en þegar síðast var mælt. Meðal netfréttamiðla nýtur Mbl.is mests trausts, en 64% segjast bera mikið traust til Mbl.is, sem er sami fjöldi og í síðustu könnun.

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög lítið“ eða „frekar/mjög mikið“-



Spurt var: Hve mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila.

Svarmöguleikar voru mjög lítið traust, frekar lítið traust, hvorki mikið né lítið traust, frekar mikið traust, mjög mikið traust og veit ekki.

Niðurstöður sýna fjölda þeirra sem svöruðu annað hvort mjög/frekar mikið eða lítið traust.

Samtals tóku 99,5% afstöðu til spurningarinnar.


Töluverð breyting mælist á trausti til fjölmiðla milli kannana.

Nokkrar breytingar mælast á trausti svarenda til fjölmiðlanna milli kannana. Fréttastofa RÚV og Morgunblaðið eru einu aðilarnir sem fleiri segjast bera mikið traust til núna en þegar síðast var mælt (aukning um tæpt prósentustig hjá Morgunblaðinu og rúm 5% hjá RÚV). Aðrir fjölmiðlar ýmist standa í stað eða lækka.

Sé horft til fjölda þeirra sem segjast bera lítið traust til fjölmiðlanna kemur í ljós að fleiri segjast nú bera lítið traust til allra fjölmiðlanna nema RÚV, samanborið við mælingu í byrjun desember. Mest er breytingin gagnvart DV, en 81% segjast nú bera lítið traust til blaðsins samanborið við 69% áður. Hvað varðar aðra miðla má nefna að Visir.is nýtur nú lítills traust meðal 27% svarenda samanborið við 20% áður, Fréttablaðið nýtur lítills trausts meðal 24,5% svarenda samanborið við 17,7% áður, Eyjan.is nýtur nú lítills trausts meðal 18,8% samanborið við 13,4% áður og Viðskiptablaðið nýtur lítills trausts meðal 14,8% nú samanborið við 9,8% áður. Breytingar á fjölda þeirra sem kváðust bera lítið traust til annarra fjölmiðla voru óverulegar.


Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög mikið“ milli kannana-



Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög lítið“ milli kannana-



Upplýsingar um framkvæmd:

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr þjóðskrá

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun

Svarfjöldi: 805 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 19.-23. Desember 2008

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is / 659 5601).

Öll notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.